

# Líf í Eyjafirði

Ritstjóri  
Bragi Guðmundsson



Rannsóknastofnun Háskólans á Akureyri  
Akureyri 2000

Hörður Kristinsson

# Plöntulíf



Land við Eyjafjörð er betur gróið en margir aðrir hlutar landsins. Uppblástur hefur verið minni en í sveitunum austur undan þrátt fyrir há fjöll. Skýringin felst einkum í jarðgrunninum. Jarðvegur helst miklu betur á hinum fornu blágrýtishraunlöggum heldur en á gosbelti móbergssvæðisins. Land er viðast algróið á láglendi og sums staðar má finna víðáttumikinn, samfelldan mólendisgróður á fjallsflötum í 900 m hæð, t.d. á Hóla-fjalli og á Skessuhrygg í Höfðahverfi. Minni blettir með samfelldum gróðri eru sums staðar ofan 1.000 m hæðar í fjöllum. Hins vegar eru hlíðar viða brattar, skriðurunnar og illa grónar.

Gróður í Eyjafirði mótaðist mjög af umhverfi sínu, af sögu loftslags og gróðurs á fyrra tínum, og þeirri meðferð sem hann hefur fengið hjá íbúum héraðsins. Því er rétt að glöggva sig fyrst á gróðursögu Íslands og skoða hvernig Eyjafjörður fellur inn í heildarmyndina. Síðar munum við skoða helstu gróðurlendi Eyjafjarðar og líta að lokum á hver áhrif maðurinn hefur á gróðurinn. Þótt kaflinn beri heitið plöntulíf munu mosar og fléttur fá litla umfjöllun, megináherslan verður á stærstu plönturnar; blómplöntur og byrkninga.

## 8.1 Blómaskeið tertiertímans

Elstu gróðurleifar á Íslandi eru frá því snemma á tertierskeiði fyrir um 13–15 milljónum ára síðan. Upplýsingar um gróður frá þeim tíma koma frá steingervingum í millilögum hins tertiera, lagskipta hraunlagastafla, sem alls staðar blasir við í fjöllunum báðum megin Eyjafjarðar. Loftslag var þá hlýtt og rakt, hlýrra en nokkru sinni síðar. Gróður á Íslandi var þá mjög fjölbreyttur,



*Mynd 8.1: Steingerð blaðför á bergmola sem Helgi Þórsson frá Kristnesi fann undir Súlum fyrir nokkrum árum síðan. Blaðför er talið vera af elri.*

sem best sést af því að fundist hafa leifar um 50 trjátegunda frá þessum tíma. Þeirra á meðal eru valhnöt, álmur, lindi, hlynur, vínviður, þinur, risafura, magnólía, túlipantré, hesli og beyki svo eitthvað sé nefnt.<sup>1</sup> Gróðri þessum svipar nokkuð til gróðurs sem nú vex í Suðausturríkjum Bandaríkjanna. Umhverfis Glerárdal í Eyjafirði hafa einnig fundist gróðurleifar frá þessum tíma í Lambárdalsöxl við Kerlingu, í Hlíðarskál og nú síðast austan undir Súlum. Í jarðlögum úr Lambárdalsöxl við Kerlingu hafa verið greind frjókorn ýmissa trjáa eins og heslis, eikur, elris, birkis, aspar og lerkis.<sup>2</sup>

Loftslag fór kónlandi eftir því sem leið á tertiertímann. Kulvísstu tegundirnar hurfu smátt og smátt, lauftrjánum fækkaði en barrviðir urðu ríkjandi eftir því sem ísaldartíminn nálgadist.

## 8.2 Kuldaskeið ísaldar

<sup>1</sup> Leifur A. Símonarson 1981:161.

<sup>2</sup> Helgi Hallgrímsson 1979:13.

Á ísaldartímanum, sem hófst fyrir um þremur milljónum ára og er trúlega ekki lokið enn, skiptast á jökulskeið með heimskauta-loftslagi og hlýviðrisskeið. Mörg þessara skeiða hafa staðið um

50.000 til 100.000 ár og er því núverandi hlýviðrisskeið tiltölulega nýhafið.

Á þessu tímabili dó út mest af því sem eftir var af trjágróðri tertiertímans þar til aðeins voru eftir birki, víðir, reynir og ef til vill blæösp. Barrviðir hurfu þegar í byrjun ísaldar og finnast ekki í leifum frá síðari hlýviðrisskeiðum. Á síðari hluta ísaldar hverfur elri einnig úr jarðlögum, finnst í plöntuleifum allt fram á þriðja síðasta hlýviðrisskeið en ekki eftir það. Birki og víðir finnast hins vegar áfram, og sums staðar einnig reynir.

Líklega hefur hluti íslensku flórunnar lifað af ísoldina, en óvist hve stórr. Tvær kenningar hafa verið uppi um þetta. Önnur er ördeyðukenningin, sem gerir ráð fyrir að allur gróður hafi dáið út á Íslandi á kuldaskeiðum ísaldar, hin er svokölluð vetursetukenning, sem gerir ráð fyrir að töluberður hluti flórunnar hafi lifað af á auðum svæðum og dreifst þaðan um landið. Fylgismenn ördeyðukenningarinnar voru Þorvaldur Thoroddsen<sup>3</sup> og Sturla Friðriksson.<sup>4</sup> Forsenda þess að ördeyðukenningin standist er að annað hvort hafi loftslag verið svo þurrt að kuldaeyðimörk hafi verið á Íslandi, eða þá að allt landið frá efstu rindum til sjávar hafi verið algjörlega hulið ísi einhvern tíma á ísold. Þegar Þorvaldur Thoroddsen var að velta þessum hlutum fyrir sér töldu menn raunar líklegast að svo hefði verið. Fylgismenn vetursetukenningarinnar voru meðal annarra Áskell Löve<sup>5</sup> og Steindór Steindórsson frá Hlöðum. Steindór gerir þessari kenningu mjög ítarleg skil og hefur gengið lengst í því að telja að allt að 55% þeirra tegunda sem hér voru fyrir landnám hafi hjarað af síðasta ísaldarskeið, 214 talsins.<sup>6</sup>

Hafi landið verið algjörlega hulið ísi leikur enginn vafi á að ördeyðukenningin sé rétt. Hins vegar hygg ég að fáir aðhyllist lengur þá skoðun að hálemdir útskagar eins og t.d. skagarnir beggja vegna Eyjafjarðar hafi nokkurn tíma verið algerlega undir ísi. Það má nær ganga út frá því sem vísu, að einhverjar plöntur hafi lifað af á íslausum svæðum þótt loftslag hafi verið gjör-ólíkt því sem nú er. Fyrir norðan 80. breiddargráðu á norðurströnd Grænlands eru heimkynni um 100 tegunda plantna. Því tel ég mjög líklegt að einhver hluti íslensku flórunnar geti hafa lifað af fimbulkulda ísaldar. Engar plöntur eru líklegri til þess en hinár harðgerðu jurtir sem í dag vaxa í 1000 m hæð á Tröllaskaga og annars staðar á Íslandi, nær 100 tegundir, eða tæpur þriðjungur þeirra sem voru til staðar fyrir landnám<sup>7</sup>.

3 Þorvaldur Thoroddsen  
1933:398.

4 Sturla Friðriksson  
1962:187.

5 Áskell og Doris Löve  
1979:94-105.

6 Steindór Steindórsson  
1962:148.

7 Hörður Kristinsson  
1991:18.

### 8.3 Fram að landnámi

Þegar hlýna tók í lok síðasta kuldaskeiðs ísaldar tóku plöntur strax að dreifast um landið frá hinum íslausu svæðum og einnig bárust aðrar að með fjardreifingu frá meginlandi Evrópu. Flest bendir til að meginhluti þeirra plantna, sem hér voru við landnám, hafi komið strax fyrstu þúsaldir eftir að ísinn hörfaði. Þær hafa að mestu haldist í landinu síðan og fáar bæst við þótt stofnsveiflur hafi verið verulegar eftir loftslagsbreytingum. Pessu tímabili hefur verið skipt í svokölluð birkiskeið og mýraskeið í gróðursögunni eftir ríkjandi frjókornum í jarðlögum.<sup>8</sup>

### 8.4 Áhrif landnámsins

Með landnámi kelta og norrænna manna hefur óhjákvæmilega eitthvað borist til landsins af plöntum eftir flutningaleiðum sem ekki voru til staðar áður. Fjöldi þeirra skiptir eflaust einhverjum tugum. Áskell Löve og Steindór Steindórsson hafa báðir rakið nokkuð þær tegundir sem líklegt er að hafi borist með landnámsmönnum.<sup>9</sup> Margar þessara jurta hafa numið hér land en lítt dreifst nema með búsetu manna. Til dæmis vaxa njóli, baldursbrá og húsapuntur enn þann dag í dag aðeins nálegt byggð eða í fjörum en hvorki uppi á heiðum né á hálandinu. Aðrar tegundir hafa ekki náð að nema land til langframa, s.s. mjáðarlyng og malurt, sem frjókornarannsóknir benda til að landnámsmenn muni hafa ræktað<sup>10</sup>, en finnast þó hvergi lengur.

Undir lok 19. aldar og í byrjun þeirrar 20. fór ræktun vaxandi og með innflutningi á grasfræi bárust ýmsar fylgiplöntur sem námu land í sáðsléttum viða um land. Fáeinir þeirra hafa flenst en aðrar horfið jafnharðan og nefnast einu nafni slæðingar. Í nágrenni hænsnabúa hafa einnig vaxið ýmsar erlendar jurtir af fræi sem aðallega hefur borist með hænsnakorni.

Örfáir þeirra slæðinga, sem náð hafa fótfestu hafa reynst nokkuð ágengir og vildu menn áreiðanlega fremur vera lausir við þá. Í þeirra hópi eru húsapuntur, njóli og skógarkerfill sem vikið verður nánar að síðar. Í gróðursögu Íslands kemur Eyjafjörður helst við sögu vegna þess að hálandi Tröllaskaga er eitt líklegasta svæðið til að hafa verið íslaust að hluta á kuldaskeiðum jökultíma. Á fjallsflötum og tindum Tröllaskagans er einhver fjölbreyttasta háfjallaflóra landsins og má finna þar nær allar tegundir íslenskra fjallaplantna. Akureyri, sem hefur verið

<sup>8</sup> Þorleifur Einarsson  
1974:21.

<sup>9</sup> Áskell og Doris Löve  
1956:65–290;  
Steindór Steindórsson  
1962:108.

<sup>10</sup> Þorleifur Einarsson  
1962:442–469.



miðstöð samgangna og viðskipta við útlönd á norðanverðu landinu um langt skeið, hýsir fleiri innflutta jurtaslæðinga en aðrir þéttbýlisstaðir að nágrenni Reykjavíkur undanskildu.

*Mynd 8.2: Skógarkef ill er aðflutt jurt sem hefur tilhneigingu til að leggja undir sig landið og mynda samfelldar breiður.*

## 8.5 Sérkenni Eyjafjarðar

Það hefur oft verið sagt um gróður í Eyjafirði að hann státi af meiri fjölbreytni en víða annars staðar hérlandis. Þótt héraðið sé fremur lítið að flatarmáli voru þegar fyrir 50 árum skráðar 338 tegundir villtra blómplantna og byrkninga í flóru Eyjafjarðar, auk um 50 slæðinga.<sup>11</sup> Síðan hafa örfáar tegundir bæst við og nokkrir slæðinganna teljast nú ílendir. Trúlega eru tegundirnar nálægt 350 nú. Að auki munu vaxa í héraðinu yfir 300 tegundir mosa og um 350 tegundir af fléttum, en sveppir eru örugglega miklu fleiri, enginn veit hversu margir.

En hverjar skyldu vera ástæðurnar fyrir þessari fjölbreytni gróðurfars í Eyjafirði? Í fyrsta lagi er Eyjafjörður á hinu landræna svæði Íslands en það er svæðið norðan Hofsjökuls og Vatnajökuls, innsveitir og hálandi frá miðju Norðurlandi austur á Fljótsdalshérað. Landrænt loftslag einkennir þetta svæði, lítil úrkoma en allmiklar hitasveiflur, meiri munur hámarks- og lágmarkshita hvort heldur er sólarhringsins, mánaðarins eða árs-

11 Ingimar Óskarsson  
1949:249.



*Mynd 8.3: Fjallabláklukka er sjaldgæf háfjallajurt sem hvergi á landinu er meira af en við Eyjafjörð.*

*Myndin er tekin í Draflastaðafjalli árið 1984.*

12 Svo auðvelt sé að glögva sig á hvaða plöntur er verið að fylla um er ráðlegt að hafa *Plöntuhandbókina* eftir Hörð Kristinsson við hendina og nýta myndir hennar um leið og textinn er lesinn.

ins en annars staðar á landinu. Á þessu svæði vaxa allmargar landrænar plöntur (þ.e. plöntur sem aðhyllast landrænt loftslag) sem lítið eða ekki finnast í öðrum landshlutum. Dæmi um slíkar jurtir eru bjöllulilja, birkifjóla, fjallalójurt, snækobbi, móanóra, dvergstör, móastör, kollstör og finningsstör.<sup>12</sup> Allar þessar landrænu tegundir ná til Eyjafjarðar en meginútbreiðslusvæði sumra þeirra er austar á Norðurlandi, einkum í Þingeyjarsýslum.

Í öðru lagi eru útsveitir Eyjafjarðar ásamt nyrsta hluta Austfjarða og nokkrum hluta Vestfjarða með snjóþyngstu láglendissvæðum landsins. Þessi snjóþungu svæði hýsa allmargar jurtir sem þurfa skjól af snjónum yfir vetrarmánuðina, og þrífast af þeim sökum ekki annars staðar. Meðal þeirra eru burknarnir skollakambur og þúsundblaðarós, ennfremur skollaber, skjaldburkni, lyngjafni og bláklukkulung.


Í þriðja lagi eru skagarnir báðum megin Eyjafjarðar fjölbreytilegir háfjallaskagar og hýsa af þeim sökum óvenju margar fjallaplöntur. Af fremur fágætum háfjalla-plöntum vaxa hér fjallabláklukka, fjallabréða, hreisturstein-brjótur, finningsstör, fjallavorblóm og fjallalójurt.

Í fjórða lagi má nefna að dagshiti á sumrin er mjög hagstæður í innsveitum Eyjafjarðar og fyrir tilstilli hans lifa þar ýmsar hitakærar plöntur sem annars vaxa aðallega á Suður- og Suðvesturlandi. Dæmi um þær eru blákolla, mjaðjurt, villt jarðarber, klappadúnurt og skriðuhnoðri.

Þegar þessir fjórir þættir verka allir saman; landræna og sumarhiti innsveitanna, snjóþyngsli útsveitanna, og háfjalla-landslagið beggja vegna fjarðar, verður niðurstaðan óvenju fjölbreytt skilyrði fyrir ólíkar tegundir plantna.

## 8.6 Út til strandar og inn til dala

Af því sem rakið er að framan þarf ekki að koma á óvart að mikill munur sé á gróðri á mismunandi stöðum við Eyjafjörð. Þeir sem ferðast um héraðið, veita því fljótt athygli hversu mikill




munur er á gróðri í inndöllum og útsveitum. Hversdagslega verður þetta áberandi þeim sem mikið fara til berja og sækjast eftir aðalbláberjum fremur en krækiberjum. Engum dettur í hug að fara inn í Eyjafjörð til að tína aðalbláber, heldur fara menn út á Dalvík eða í Ólafsfjarðarmúla. Ástæðan er sú, að aðalbláberjalyng er ein af þessum viðkvæmu jurtum sem ekki þrífst nema þar sem snjóinn skýlir á vetrum. Í innsveitum getur snjóinn horfið í langvarandi hlýjum sunnanvindum á miðjum vetri upp í 300–350 m hæð, og því finnum við engin aðalbláber á láglendi.<sup>13</sup> Dældir ofan þessara marka halda sinni snjóþekju þótt miklar hlákur verði á miðjum vetri og því þrífst aðalbláberjalyng bara í slíkum dældum allhátt uppi í hlíðum innsveitanna. Þótt lyngið vaxi og blómstri svo hátt yfir sjó þroskast berin illa. Í útsveitum, þar sem fannbreiður þekja hlíðarnar á veturna, er hins vegar mikið af aðalbláberjum og vaxa þau þar sums staðar alveg niður að sjávarmáli. Aðrar snjódældaplöntur eins og grámulla og fjallasmári hegða sér svipað. Þessar staðreyndir voru meðal þess sem kom í ljós þegar hæðarmörk gróðurs við Eyjafjörð voru rannsokuð árið 1963.<sup>14</sup>

Auk þeirra jurta sem þegar hafa verið nefndar eru margar aðrar plöntur í eyfirsku flórunni sem aðeins vaxa í útsveitum en ná mismunandi langt inn eftir héraðinu. Dæmi um slikeggundir eru burknar eins og þúsundblaðarós, skollakambur og skjaldburkni. Tveir þeir fyrرنefndu eru hvergi í innsveitum en skjaldburkninn er afar fágætur og sést þar einungis til fjalla. Svipað gildir um jafnana, lyngjafna og litunarjafna. Lyngjafni finnst ekki innar en í Porvaldsdal á Árskógsströnd en litunarjafni er sjaldgæfur í innsveitum og vex aðeins til fjalla. Af blómjurtum má nefna bláklukkulyng, hjartafífil, skollaber, brönumgrös, hárdeplu, skógfjólu, grænlilju og sóldöggi, sem allt eru einkennisjurtir útsveita við Eyjafjörð. Aðeins brönugrös og

*Mynd 8.4: Línurit sem sýnir hvernig hæðarmörk aðalbláberjalyngs breytast frá mynni Eyjafjarðar inn í Torfufell.*

13 Hörður Kristinsson 1998:189.

14 Helgi Hallgrímsson og Hörður Kristins-son 1965:9–74.



Mynd 8.5: Efra kortið  
sýnir útbreiðslu blá-  
klukkulyngs á Íslandi.  
Neðra kortið  
sýnir útbreiðslu  
hjartafífls (●) og  
mariúlykils (▲).

grænlilja eru sárasjaldgæfar í innsveitum en hinarr finnast þar ekki. Hjartafífill finnst reyndar hvergi annars staðar á Íslandi en í útsveitum milli Skjálfanda og Skagafjarðar og aðalsvæði bláklukkulyngsins er einnig við Eyjafjörð. Enn eígum við eftir að telja skrautpunkt og starirnar þrjár, dúnhulstrastör, ígulstör og trjónustör sem einnig eru einkennistegundir útsveitanna.

Allur þessi fjöldi tegunda í útsveitum veldur því að gróður er fjölbreyttari þar en í innsveitum. Á móti eru færri tegundir sem einkenna innsveitagróðurinn. Þar má nefna sandmunablóm, bláhveiti og þrenningargras sem vaxa í sendnum og þurrum brekkum, hitakæru jurtirnar mjaðjurt og blákollu sem eru algengar sums staðar á láglendi Eyjafjarðarsveitar auk landrænna tegunda eins og bjöllulilju og móastalar.

Í eftirfarandi undirköflum verður rætt um nokkur algengustu gróðurlendi í hér-aðinu.

## 8.7 Melagróður

Melar eru gróðurlendi með ósamfelldum, strjálum þurrleidisgróðri. Algengar melaplöntur í Eyjafirði eru holtasóley, lambagrás, blóðberg, blásveifgras, túningull, vetrarblóm, axhæra og lögredi. Minna er um melablóm og holurt en víða annars staðar. Það er væantanlega vegna þess, að melar eru hér almennt nokkuð stöðugir, víða vel grónir og óvíða er uppblástur í gangi. Það er einkennandi fyrir marga mela í innanverðum Eyjafirði hversu mikil er af þrenningarfjólu og vorperlu. Vorperlan hefur örsmá, hvít blóm og blómstrar snemma á vorin en er lítt sýnileg þegar kemur fram á sumarið. Á eyfirskum melum búá einnig fágætari plöntur eins og hið smávaxna dvergmunablóm, og bláhveitið sem einnig er víða í Skagafirði og Húnaþingi eystra en ekki annars staðar á landinu. Bláhveitið vex einnig oft í þurrum, grasi grónum melbrekkum.

Þar sem land er friðað fyrir beit gróða melar fljótt og breytast í önnur gróðurlendi. Sama gerist ef skógur vex upp í nágrenni þeirra og skýlir þeim. Á melum sem eru að gróða upp er dökk-brún melakræða oft áberandi og myndar þéttar breiður, einnig



grábreyksja og aðrar fléttur. Krækilyng og holtasóley eru meðal mikilvægra landnema og eru fljót að þekja, einnig þursaskegg. Birki sáir sér oft í mela ef fullþroska og fræfellandi bjarkir eru í nágrenni þeirra og nemur þar auðveldar land en í þéttu grasi.

Malarkenndar eyrar vatnsfalla sem koma úr fjöllum líkjast melum sem gróðurlendi þó undirlagið sé rakara. Þar eru oft steinbrjótar og stakar fjallaplöntur sem hafa borist með flaunum ofan úr fjöllunum. Eyrarrósin er einkennisjurt eyra meðfram Hörgá og mörgum þverám.

*Mynd 8.6: Holtasóleyjar (hvít blóm) og melakræða (dökkbrúnir flákar) eru fljót að klæða mela í Eyjafirði þar sem þeir eru friðaðir.*

## 8.8 Skógar

Áður en land var numið voru skógar aðalgróðurlendið um allan Eyjafjörð. Miðsvæðis í láglendum innsveitum, t.d. við Núpufell og Möðruvelli í Eyjafirði, voru þetta stórvaxnir skógar á íslenskum mælikvarða. Hæstu birkitrén hafa væntanlega verið um 10 til 12 metrar á hæð og bolirnir þykkir. Í útsveitum voru skógararnir lágvaxnari, sums staðar aðeins eins til tveggja metra hátt kjarr úti við opnar strendurnar.

Skógar þessir eyddust smám saman og það er hægt að rekja þá sögu eftir ýmsum heimildum.<sup>15</sup> Fyrstir hurfu stórvaxnir skógar innsveitanna, enda eftirsóttastir. Í *Ferðabók Eggerts og Bjarna* segir frá því að stórvaxinn skógor á Möðruvöllum í Eyjafirði hafi

15 Steindór Steindórrsson  
1950:49-81.



*Mynd 8.7: Lítilfjörlegar skógarleifar með reyniviði og birki má enn sjá sums staðar í torkleifum giljum í Eyjafirði. Myndin er tekin í Fornhagagili í Hörgárdal vorið 1986.*

brotnað og eyðst í ísingarveðri árið 1607. Þar segir einnig að 1752 megi enn sjá stoðir og bjálka úr þessum skógi í byggingum á Möðruvöllum.<sup>16</sup> Á Árskogsströnd eyddust skógar ekki fyrr en á 18. öld og voru enn sýnilegar leifar af kjarri þar um 1900.<sup>17</sup> Á Látraströnd, Ufsaströnd, í Héðinsfirði, Hvalvatnsfirði og á Flateyjardal eru enn eftir kjarrleifar.<sup>18</sup> Sums staðar hefur skriðult kjarrið við efri skógarmörkin varðveisit betur en hærri skógar á láglendi.

Pótt ýmsar skoðanir hafi verið uppi um orsakir þessarar eyðingar skóganna leikur enginn vafi á að athafnasemi mannsins vegur þyngst. Skógr var höggvinn og rifinn og notaður til bygginga, eldiviðar og kolagerðar. Lítið var gert til endurnýjunar skógarins, og sjálfala sauðfé kom í veg fyrir að sjálfsáið birki kæmist á legg. Snjóþyngsli, ísing og hörð veðráttá hefur hjálpað til að fella skóginn eins og gerist enn.

Í dag eru því aðeins eftir lítilfjörlegar leifar af hinum fornú eyfirsku skógum. Í innsveitum er aðeins eftir skógrunni í Leyningshólum auk lítilfjörlegra skógarleifa sums staðar í torkleifum giljum eins og Núpárgili í Sölvadal, Garðsárgili í Kaupangs sveit, Fornhagagili í Hörgárdal og viðar.

Par sem blautara var í mýrum og á bökkum Eyjafjarðarár, Hörgár og Svarfaðardalsár voru hávaxnir gulvífirunnar og loð-

16 Ferðabók Eggerts Ólafssonar og Bjarna Þásssonar 1975:x–xx; Steindór Steindórsson 1950:63.

17 Ingólfur Davíðsson 1971:112.

18 Helgi Hallgrímsson 1976:24; Hörður Kristinsson 1992:31.



víðir meira áberandi en birki. Þessir runnar hafa sums staðar haldist í hólmum og eru fljótir að vaxa upp aftur þegar landið er friðað. Dæmi um þetta höfum við í hólmum Svarfaðardalsá og Eyjafjarðarár.

*Mynd 8.8: Í bláberjalyngsbollum vaxa oft saman aðalbláberjalyng, bláberjalyng og hrútaberjalyng.*

## 8.9 Móagróður

Mólendi er víðáttumikið í Eyjafirði eins og annars staðar á landinu. Það er eitt aðalgróðurlendið sem tók við af skógunum og þekur nú meiri hluta alls þurrlandis á svæðinu. Það er breytilegt í útliti eftir ríkjandi tegundum en samsetning þeirra ræðst af staðháttum og veðurfari. Þannig er mikill munur á móum í útsveitum og innsveitum, á láglendi og hátt til fjalla.

Í hlíðum útsveita er mun meira af lyngi en í innsveitum. Þar er aðalbláberjalyng einkennandi fyrir lyngmóá ásamt bláberjalyngi og öðrum algengum lyngtegundum eins og beitilyngi og krækilyngi.

Bláklukkulyng er nokkuð víða um neðanverðar hlíðar í útsveitum. Það nær inn í Svarfaðardal, inn á Galmaströnd og í Höfðahverfi, en næstum lengra. Í skugga lyngsins eða í undirgróðri birkikjarrs eru þrílaufungur, hárdepla, hjartatvíblaðka og sums staðar grænlilja. Skrautpunktur, stærsta grastegund landsins, rís sums staðar upp úr kjarri og lyngi og smáblettir eru

sums staðar þétt vaxnir skollaberjum. Hjartaffill og skrautfífill eru nokkuð áberandi sums staðar í þessum hlíðum, hávaxnar jurtir með blaðmögum stöngli. Skrautfífill er einn af undafíflum<sup>19</sup> en hjartaffill tilheyrir annarri deild fífla, skeggfíflum. Hann hefur hvergi fundist hérlandis nema á svæðinu frá Höfðaströnd í Skagafirði og austur í Náttfaravíkur við Skjálfsfanda (sjá mynd 8.5). Hann vex einkum í rakari móadældum eða í giljum.

Í innsveitum er aðalgróður lyngmóanna krækilyng, beiti-lyng, bláberjalyng og holtasóley. Krækilyng og beiti-lyng verður oft mest áberandi þar sem áveðurs er, t.d. á hæðum og brúnum, en bláberjalyngið er meira þar sem skjóllegra er. Fléttan skollakræða myndar víða áberandi gular breiður á mólendisbungum og brúnum norðan í fjallsmúlum.<sup>20</sup> Holtasóley er mjög þurrkþolin og er víða aðaljurtin þar sem þurrir meler eru að gróa upp. Þar sem jarðvegur er rakari og þykkari myndast stundum hrísmóar með ríkjandi fjalldrapa, stundum víði. Stundum er fjalldrapinn aðalrunninn í slíkum móum, oft í bland með lyngi og víði. Þessir hrís- og víðimóar eru þó meira áberandi í nágrannadöllum Eyjafjarðar í austri, Fnjóskadal, Timburvalladal og í Ljósavatnsskarði þar sem ekki hefur verið skóglauð jafnlengi og í Eyjafirði.

Auk lyngmóa eru þursaskeggsmóar útbreiddir í innsveitum og oft áberandi í hlíðum. Þursaskegg er þurrk- og beitarþolið og því algengt á láglendi og í neðanverðum hlíðum þar sem úrkoma er lítil, einkum á vorin. Í þessum móum er oft tölvert af móasefi, axhæru og vallhæru. Þar sem beit er lítil verður víðir gjarnan áberandi hátt upp eftir hlíðum, einkum fjallaviðir og loðviðir, og getur hann vaxið alveg upp í efstu fjallsbrúnir. Hann hefur mikla þýðingu þar vegna þess að rótarkerfið er mjög sterkt ef hann fær að dafna og bindur þá saman jarðveginn sem annars vill skrifða niður þegar hann verður vatnsósa.

Minna er um markverðar tegundir sem einkenna mólendi inn til dala og gróður þeirra er almennt fábreyttari en út með firðinum. Þó vex kjarrheiti á stöku stað í skóglendi eða hrísmóum, einkum þar sem skógur eða kjarr hefur haldið lengur velli en annars staðar, t.d. í Leyningshólum og við Sörlatungu í Hörgárdal. Einnig mætti nefna til blákollu sem finnst helst í móadældum, giljum og brekkum.

## 8.10 Gras- og blómlendi

Graslendi er samheiti á þurrindi þar sem grös eru mest áberandi en er af ýmsum gerðum eftir staðháttum. Þar sem land er

19 Bergþór Jóhannsson  
1989:227.

20 Hörður Kristinsson  
1996:12.



flatt á láglendi, einkum í lægðum og þar sem jarðraki er hæflegur, eru oft grasi grónir vellir. Aðaltegundir slíkra svæða eru oftast vallarsveifgras, língresi, túnvingull og snarrótarpuntur. Af blómjurtum getur gulmaðra verið áberandi á þessum völlum sem gjarnan eru í dalabotnum. Hún hefur trúlega orðið til að gefa þrennum Möðruvöllum nafn í héraðinu; í Eyjafirði, Hörgárdal og Héðinsfirði. Náttúrulegt graslendi er einnig víða á bökkum meðfram ám, heldur deigara en áðurnefndir vellir. Það hefur mikið til sömu grastegundir en af blómjurtum fylgja því stundum blástjarna, strandsauðlaukur og jafnvel engjavöndur. Í hlíðum myndast oft grasdældir eða graskinnar innan um mólendið. Þar eru hálíngresi, ilmreyr, bugðupuntur eða reyrgresi áberandi í gróðursvip. Í botni hæfilega snjóþungra dælda myndast oft þéttar breiður af finnungi og er slíkt graslendi gjarnan kallað finnungsbollar eða finnungsdældir. Finnungurinn myndar þá þéttan þófa, sem nýtist illa til beitar. Skriðugeirar undir hlíðum eru víða þaktir graslendi en lyngmóar á órótuðu landi í kring. Það kemur til af því að lynggróður er viðkvæmur og lengi að koma til aftur eftir rask sem skriður valda. Graslendi þolir vel mikið beitarálag.

Par sem graslendi er í hlíðum, í skjólsælum brekkum eða dældum, getur það verið mjög blómrikt þar sem lengi hefur verið beitarfriðað eða létt beit. Þá er gjarnan talað um blóm-lendi enda eru blómjurtirnar litríkari og meira áberandi en

*Mynd 8.9: Blómlendi með blágresi, brennísóleyjum, mariustakk, túnsúru og elftingum í Hvann-dölum við Eyjafjörð sumarið 1992.*

[www.vedur.is](http://www.vedur.is)



*Mynd 8.10: Burkna-stóð með þúsundblaðarós í gildragi ofan við Möðruvelli í Héðinsfirði 1992.*

21 Helgi Hallgrímsson og Höður Kristins-son 1965:65–66.

grösin. Víðast eru blágresi og brennisól-eyjar meðal þessara blómjurta, einnig smjörgras, fjalldalaffill og hrútaberjalyng. Geithvönn verður oft áberandi í þessum gróðri, og einnig burnirót þar sem alveg er friðað. Í langbeittu landi sést þetta gróðurlendi tæplega nema í gljúfrahvömmum, torfærum klettasyllum eða hólmum.

Lítt munur er á graslendi í út- og innsveitum. Þó er áberandi að þar sem jarðvegur er orðinn áburðarríkur af langvarandi ræktun, ekki síst þar sem sinueldar hafa lengi tilkast, að snarrótarpuntur er ágengur og myndar tilum þetta sinuþófa.


## 8.11 Snjódældir

Snjódældir eru sérstakt gróðurlendi sem skapast af snjónum sem hlífir þeim vetrarlangt. Snjórinn getur bæði hlíft plöntunum fyrir næðingi og frostum, en einnig stytt vaxtarfímann ef hann liggur of langt fram á sumar.

Tryggstu einkennistegundir snjódælda eru grámulla og fjallasmári. Einna algengustu fylgitegundir þeirra eru grasvíðir og kornsúra en í rakari dældum fjalladúnurt. Hærra til fjalla eru mosarnir heiðahnappur og snæhaddur,<sup>21</sup> einnig skófin glóðargrýta sem er auðþekkt af skærum rauðgulum lit á neðra borði.

Eins og áður hefur verið greint frá ná snjódældir frá sjávarmáli og upp í um 1.000 m hæð í útsveitum. Frá Árskógsströnd og inn að Möðruvöllum hækka þessi mörk smám saman uns dældirnar hefjast í um 350 m hæð og ná upp í um 1.100 m. Í snjódældum útsveitanna eru auk áðurtalinna tegunda litunarfjafni og skjaldburkni sem báðir eru sjaldgæfir innar í landinu.

Við utanverðan Eyjafjörð eru svokallaðar burknadældir áberandi. Í þeim vex burknastóð undir skörpum bökkum, í giljum eða djúpum dældum. Þúsundblaðarós er stærst þessara burkna og mest áberandi en sérkennilegur ættingi, skollakambur, er gjarnan með í för. Hann hefur hvirfingu af kambskiptum, ógró-bærum tillifunarblöðum sem standa skáhaltt út frá stofni. Pegar burkninn þroskast rís toppur af uppréttum blöðum í miðju hans með gisnari kambi og neðan á honum myndast gróhirsl-



*Mynd 8.11: Votlendisgróður með tjarnarstör (blágræn strá), fergini (liðskiptir stönglar) og blómstrandi horblöðku (reiðingsgrasi) í Kaupangsmýri árið 1991.*

urnar. Í fyrstu þegar burknarnir koma undan snjónum á vorin, eru blöðin í þéttri rúllu, og vefst smám saman ofan af þeim þegar þau vaxa.<sup>22</sup> Burknadældir eru einkum á snjóþungum stöðum upp af Siglufirði, Héðinsfirði, Ólafsfirði, Þorgeirsfirði og Hvalvatnsfirði. Þær eru einnig á Flateyjardal og á utanverðri Látratrönd. Grámulla og fjallasmári vaxa í mörgum þessara dælda en þau eru smávaxin og verða undir ef hávaxnir burknarnir verða mjög héttir.

## 8.12 Mýrar

Mýrar eru víða um Eyjafjörð. Mestar eru flæðimýrarnar við ósa Eyjafjarðarár, Hörgár, Svarfaðardalsá, enn fremur í botnum Héðinsfjarðar, Ólafsfjarðar og Hvalvatnsfjarðar. Hallandi mýrar eru víða um neðanverðar hliðar og undir fjallsrótum. Starir einkenna mýragróður ásamt ýmsum öðrum votlendisjurtum og eru mýrar iðulega flokkaðar eftir ríkjandi starartegundum. Gulstör er einna mest áberandi í flæðimýrum meðfram ám og í fjarðarbotnum. Í þeim er oft mikil af engjarós og horblöðku. Gulstararflæði engjar voru áður fyrr eftirsóttar til heyskapar og var vatni veitt á þær á vorin til að auka uppskeruna, áburðar var engin þörf.

Tjarnarstararflóar eru meðfram tjörnum og geta myndað þétta, blágræna kraga. Tjarnarstör er einnig á strjálingi í mýrum

22 Hörður Kristinsson  
1992:28, 35.



*Mynd 8.12: Lindagröður með dýjamosa, stjörnumsteinbrjótum og lindadúnurt í Víkurhólum í Héðinsfirði sumarið 1992.*

upp um hlíðar, einkum þar sem mjög er blautt. Fergin (tjarnelfting) vex víða innan um gulstör og tjarnarstör í blautum flóum. Þær geta allar vaxið í nokkuð djúpu vatni og verða þá stórgerðar.

Í hallamýrum á láglendi og í hlíðum er mýrastör venjulega algengust, en með henni er oft einnig mýrelfting. Þar sem blautast er getur verið tjarnarstör og vetrarkvíðastör, stöku sinnum flóastör.

Í mýrum utan til við fjörðinn er jarðvegur víða súr og þar er myrafinnungur gjarnan ríkjandi. Við slík skilyrði vaxa sums staðar mýraberjalyng og sóldögg, og ígulstör er víða á þessum slóðum. Trjónustör er ein af sjaldséðustu störum landsins, og hefur hún nær eingöngu fundist í mýrum á Látraströnd og í Hvalvatnsfirði.

Þar sem mýrajarðvegur er grunnur myndast oft sérstakt samfélag af snöggum mýragrðori sem einkennist af fitjaskúf, broddastör, hárleggjastör, sérbýlisstör o.fl. lágvöxnunum tegundum. Stundum fylgir þeim myrafinnungur eða hnappstör.

### 8.13 Lindir og flög

Lindir sjást langt að í fjallshlíðum vegna hins ljósgræna litar tveggja mosategunda, lindaskarts og dýjhahnapps, sem eru allmennt kallaðar einu nafni dýjamosi. Þessir mosar vísa ætíð á

staði þar sem tært vatn kemur upp úr jörðunni og mynda þar samfelldar breiður. Innan um mosann eru oftast fæinar blómplöntur, einkum lindadúnurt, stjörnusteinbrjótur og lækjafræhyrna.

Flög myndast í blautum eða rökum jarðvegi sem helst opinn vegna frostvirkni eða af öðrum ástæðum. Í þeim vaxa ákveðnar tegundir plantna á stangli og mynda gisna gróðurbekju. Þær helstu eru flagahnoðri (meyjarauga), naflagras, blómsef, flagasel og hnúskakrækill. Þessi gróður nemur land á fáum árum þar sem vatn seitlar upp í nýjum skriðum. Maríulykill vex á nokkru svæði við innanverðan Eyjafjörð í svipuðum flögum og er hvergi til annars staðar á Íslandi. Mest er af honum í Leifsstaðabréðum í Kaupangssveit þar sem búið er að skipuleggja sumarhúsabyggð og frá Bakkaásnum sunnan Hjalt eyrar suður að Hörgárósum (sjá mynd 8.5).



*Mynd 8.13: Blóm á maríulykli  
í Leifsstaðabréðum  
voríð 1993.*

## 8.14 Vatnagróður

Í Eyjafirði er lítið af stórum stöðuvötnum og tjarnir eru ekki áberandi. Því er þess ekki að vænta, að vatnagróður sé fjölbreyttur. Þeim mun meiri ástæða er til að búa vel að þeim fáu vötnum sem við höfum og varðeita þau sem best. Sumar þeirra jurta sem helst vaxa í stórum vötnum eru ekki til í Eyjafirði eða eru sjaldgæfar, stundum aðeins í einu vatni. Svo er t. d. um tjarnalauk, sem virðist vera nýlegur landnemi í Hólavatni, væntanlega kominn með fuglum sunnan yfir heiðar. Hann myndar fagurgrænar breiður á botninum. Í Hólavatni er einnig langnykra<sup>23</sup> sem finnst aðeins á einum öðrum stað í heraðinu,

23 Ingimar Óskarsson  
1932:20.



*Mynd 8.14: Vatnagróður í Hundatjörn í Krossanesborgum árið 1982. Blöðkunykra sést innan um ferginstráin.*

Djáknatjörn í Krossanesborgum. Vatnamari, haustbrúða og hjartanykra hafa aðeins fundist í Hrísatjörn í Svarfaðardal.

Bestu skilyrðin fyrir fjölbreyttan tjarnagróður eru oftast í grunnum tjörnum með leðju í botni. Á slíku undirlagi vaxa síkjamarí, lónasóley, liðaskriðsóley, þráðnykra og alurt sem allar eru algengar í Eyjafirði. Síkjamarinn og lónasóleyjan mynda flækjur í vatninu og blómstrá á yfirborðinu en liðaskriðsóley saumar út botninn með skriðulum renglum sem vaxa í bogum á milli rótarskota sem festa plöntuna við botninn með reglulegu millibili. Þráðnykran myndar granna, uppréttu þræði en alurtin stutta nálarbrodda sem geta blómgast hvítum blómum í botninum eða flæðarmálínú. Vatnsliðagras er einnig algengt í grunnum tjörnum, rófast í botninum en löng og graskennd blöðin, sem oft eru fjólubláleit, fljóta í vatnsyfirborðinu. Mógrafabrusi er líka algengur í litlum tjörnum, pollum eða mógröfum með fagurgræn, graskennd blöð sem fljóta upp í yfirborðið. Hann myndar hnöttóttu blómskipan í eða rétt ofan við vatnsyfirborðið, brúsakollinn.

Nykrur eru blaðstórar vatnajurtir og eru fjallnykra og grasnykra algengastar auk þráðnykru. Þær hafa næfurþunn, brún eða grænleit blöð sem flest eru á kafi, en einnig stilkuð flotblöð sem fljóta í yfirborðinu. Blöðkunykra er sjaldgæf í Eyjafirði en hefur fundist í þrem tjörnum meðfram vesturströnd Eyjafjarðar og í skurðum á óshólmavæði Eyjafjarðarár.



Í Djáknatjörn í Krossanesborgum hefur búið einn erlendur gestur úr jurtaríkinu í aldarfjórðung. Þar var laumað niður einni hánorrænni, gulri vatnalilju sem hefur náð fótfestu við tjarnarbakkann, myndar þar stóra breiðu flotblaða og blómstrar árlega.

*Mynd 8.15: Vatnalilja af norskum uppruna, sem vaxið hefur í Djáknatjörn um aldarfjórðung.  
Myndin er tekin árið 1991.*

### 8.15 Sjávarfitjar

Sjávarfitjagróður myndast þar sem sjór flæðir inn á gróið land við háa sjávarstöðu, venjulega við óshólma vatnsfalla. Stærstu sjávarfitjar við Eyjafjörð eru við óshólma Eyjafjarðarár, á Gásseyri við óshólma Hörgár, við Laufáshólma þar sem Fnjóská rennur til sjávar, og við ós Svarfaðardalsár hjá Dalvík. Á öllum þessum stöðum eru svipuð plöntusamfélög og getur gróðurlýsingin hér átt við þau öll.

Allmargar plöntur hafa aðlagð sig þeim sérstæðu skilyrðum sem skapast þegar saltvatn gengur á land, oftast meira eða minna blandað fersku áryatni. Pessar plöntur raða sér í beltasíkipt samfélag eftir grunnvatnsstöðu og hæð landsins, sem ræður því hversu oft og lengi þær eru útsettar fyrir saltvatni. Flest-

ar plöntur á sjávarfitjum eru bundnar þessum skilyrðum og vaxa hvergi annars staðar. Steindór Steindórsson hefur skrifaoð um sjávarfitjagróður á Gásum<sup>24</sup> og lýst beltaskiptingu gróðurins þar.

Á eyfirkum sjávarfitjum eru oft snöggar flatir með ríkjandi flæðastör neðst. Innan um og rétt fyrir ofan eru lágarfi og smávaxin skeljamura. Litlu ofar og lengra frá sjó getur marstör verið ríkjandi þar sem sjór flæðir inn á mýrar við stórstreymi, enn ofar tekur gulstör við. Par sem lægðir eru í fitjarnar og vatn situr eftir í pollum, myndast oft blettir með samfelldum breiðum af skriðstör. Skriðstararblettir eru áberandi í óshólmum Eyjafjarðarár meðfram Eyjafjarðarbraut eystri neðan við Eyrarland, og einnig í votlendiskrók við bílastæðið á Gáseyri. Peir verða fagurgrænir snemma á vorin, á undan gulstörinni í kring. Þar sem leirkennd leðja safnast saman í síkjum verða oft samfelldar græður af strandlófót. Hann líkist venjulegum lófót en hefur mun færri blöð í kransi, oft aðeins 4–5. Allar þær tegundir sem hér hafa verið nefndar, nema gulstörin, eru bundnar sjávarfitjum og sjást ekki annars staðar.

Á bökkum nálægt sjó og meðfram árósum er oft mikið af læpulegri heigulstör ásamt stórvöxnnum strandsauðlauk og engjavendi. Þar sem vatnsrásir eða kílar sem fyllast á flóði hafa grafist inn í fitjarnar má stundum finna hið smávaxna, græna og fremur sjaldgæfa hnotsörvi. Það getur einnig verið í lónum eða tjarnavikum þar sem hið ísalta vatn situr eftir þegar flæðir út.

## 8.16 Klettar og björg

Utan á klettum er oft sérstakt gróðursamfélag af mosum og skófum. Þetta eru einkum blaðkenndar skófir (snepaskóf, litunarskóf, geitaskófir) en einnig hrúðurkenndar skófir í mörgum litum (landfræðiflykra, blýtarga, fölvakarta og ryðkarta) svo einhverjar séu nefndar af þeim aragrúa skófa sem vaxa á klettum. Algengasti mosinn á berum klöppum er líklega holtasóti sem myndar dökkbrúna eða nær svarta smátoppa. Út úr smásprungum vex blóðberg, ýmsir steinbrjótar, blásveifgras, kattartunga eða ólafssúra. Skuggamegin eða í skuggsælum gjótum má finna tófugras. Á klettasyllum og bröttum klettabásum þar sem beitar-dýr komast ekki að getur verið sérlega vöxtulegur gróður af ýmsum tegundum sem illa eða ekki þola stöðuga beit. Þeirra á meðal eru burnirætur, aronsvöndur, sigurskúfur, geithvönn og ætihvönn, oft stórar viðihríslur og jafnvel birki. Í Hringdalsbjargi við sjóinn á Látraströnd, skammt utan við Grenivík, vaxa


<sup>24</sup> Steindór Steindórsson  
1954b:203–211.

þessar tegundir flestar, en að auki er þar skrautpunktur sem er stærstur villtra grastegunda á Íslandi. Einnig er eyrarrós í bjarginu en hún er annars tíðust á áreyrum.

Í fuglabjörgum er mikill áburður af fugladriti og þar komast engir grasbítar að. Einkennistegundir bjargröðurs eru skarfakál, ætihvönn og burnirót en skófir eru einnig áberandi, einkum gular strandmerlur og rauðgular klettaglæður. Sú síðastnefnda litar oft kletta undir hreiðrum fálka og smyrils. Hvanndalabjarg vestan Ólafsfjarðar er hæsta fuglabjargið við Eyjafjörð en mun auðveldara er að skoða bjargið í Grímsey, t.d. umhverfis Básavík. Þar er skarfakál ein aðaltegundin, myndar breiður í hlíðum eða skriðurótum undir bjarginu.<sup>25</sup> Það vex einnig á bjargsyllum og jafnvel uppi á því. Ætihvönn finnst þar hins vegar ekki. Bjargið sjálft er sums staðar gullitað af merlum og glæðum og grænir flákar af þörungnum *Prasiola crispa* myndast innan um hvíta drithrauka bjargfuglanna og í urðinni undir bjarginu.

## 8.17 Fjallagróður

Líklega er hvergi meiri fjölbreytni í fjallagróðri á Íslandi en við Eyjafjörð. Bæði er mikið af öllum algengustu fjallaplöntum, en einnig margar af sjaldgæfustu fjallategundum.<sup>26</sup> Listi hefur verið tekinn saman yfir allar tegundir blómplantna sem vaxa í 1.000 m hæð og ofar á Tröllaskaga og eru á honum tæplega 100 tegundir.<sup>27</sup>



*Mynd 8.16: Klettagröður í Hringdalsbjargi á Látraströnd. Ætihvönn sést viða um klettana, sigurskúfur sést eftir í þeim en eyrarrós neðst.*

25 Jones, E.W. 1937:244.

26 Hörður Kristinsson  
1991:16–17.

27 Hörður Kristinsson  
1991:18–20.



*Mynd 8.17: Fuglabjarg við Básavík í Grímsey. Skarfakál vex í breiðum undir klettabeltinu, og einnig ofan á bjarginu innan um lunduhornar.*

Jöklasóley, fjallafræhyrna, jöklaklukka, fjallhæra, lotsveifgras og flétturnar tröllaskegg og tindanafli eru algengar víðast hvar þegar komið er upp fyrir 700 m hæð. Margar athyglisverðustu tegundirnar, t.d. fjallabláklukka, fjallabruða, snækobbi, fjallavorblóm og hreistursteinbrjótur eru hins vegar miklu sjaldgæfari, finnast aðeins á ákveðnum fjöllum. Fjallabláklukka vex á rindum og brúnum sem standa upp úr snjó á milli Hörgárdals og Svarfaðardals og einnig austan fjarðar á Draflastaðafjalli, Blámannshatti, Digrahnjúk og hryggnum þar norður af.<sup>28</sup> Fjallabruða er á svipuðum slóðum en einnig miklu lægra á Þorgeirshöfða í Hvalvatnsfirði, Blæjukambi og Knjáfjalli við Keflavík.<sup>29</sup> Hið gula fjallavorblóm og fjólublár snækobinn hafa hins vegar aðalheimkynni í innsveitafjöllum. Yst hefur fjallavorblóm-ið fundist í Rínum við Svarfaðardal, en báðar tegundirnar verða svo algengari eftir því sem innar dregur. Hreisturstein-

brjóturinn er sjaldgæfastur þessara tegunda og eru aðalheimkynni hans í fjöllunum umhverfis botn Öxnadals. Hann finnst eingöngu á svæðinu frá Skagafirði og austur í Ljósavatnsskarð. Einig er athyglisvert að melasól, sem er algeng um alla Vestfirði, skuli aðeins finnast hátt í fjöllum við Eyjafjörð, þ.e. á einum stað í botni Svarfaðardals, á Vindheimajökli, Súlum, Kerlingu og Staðarbyggðarfjalli.

## 8.18 Áhrif mannsins

Maðurinn hefur lengi haft áhrif á gróður í Eyjafirði. Þau verða viljandi eða óviljandi og eru ýmist til bóta eða neikvæð. Stundum getur verið erfitt að sjá fyrir hver áhrif einstakar athafnir hafa til lengri tíma litið en skammtímasjónarmið ráða oft ferðinni. Einig getur mat manna verið mismunandi á því hvað sé jákvætt og hvað neikvætt.

Eyðing skóga og óheft beit hefur haft langmest áhrif á gróðurinn í Eyjafirði sem landinu öllu hingað til. Á 20. öld hafa ræktun og skurðgröftur viða haft staðbundin áhrif. Í framtíð-

28 Helgi Hallgrímsson  
1976:38.

29 Helgi Hallgrímsson  
1976:35.

inni er líklegt að innflutningur plantna og skógrækt muni hafa mest áhrif og því er aðkallandi að vanda þar vel til verka.

*Eyðing skóga.* Við þurfum ekki að lesa mikil í forn sögum til að komast að raun um að ótrúlega mikill tími fór hjá landnámsmönnum og húskörlum þeirra í að höggva skóg. Skógrinn var höggvinn til að fá rými fyrir byggingar og ræktun, og síðar til viðarkolagerðar, öflunar smiðaviðar og eldiviðar. Endurnýjun skóganna var lítil sem engin. Gróður sem naut skjóls af skóginum dróst verulega saman og lifði helst af í dældum og skjólsælum hvömmum en móa- og melagróður vann á í staðinn. Alvarlegasta afleiðingin var þó uppblástur jarðvegs sem viða fylgdi í kjölfarið. Í Eyjafirði var hann ekki eins algjör og sums staðar á móbergssvæðum landsins. Jarðvegur á blágrytissvæðinu hefur staðist breytingarnar betur en jarðvegur eldgosabeltisins.

*Áhrif beitar.* Önnur viðtækustu áhrif búsetu á gróður felast í beitarvenjum sem lengi tildekkust á Íslandi, þ.e. að láta sauðfé ganga sjálfala um allt landið í stað þess að stýra beitinni á þann veg að gróðurinn gæti jafnað sig á milli þess að hann var beittur. Þetta kom illa niður á mörgum tvíkímblaða, blaðstórum jurtum, sem áður voru mjög áberandi í skóginum og til heiða. Þær þola að vísu vel að vera bitnar niður í svörð sum árin, en ef það gerist árlega gengur stöðugt á næringarforðann í jarðstönglum og rótum og þær ná ekki lengur að byggja upp öflugan líkama og blómstrra. Samt sem áður tóra margar eins og dvergvaxnir vesalingar, (blágresi, maríustakkur, hrútaberjalyng) huldar sjónum manna en tilbúnar að birtast aftur ef beitinni léttir. Aðrar hverfa algjörlega af vettvangi (burnirót, ætihvönn, geithvönn) og lifa helst af í klettum, gljúfrum og hólmum þar sem ekki næst til þeirra.

Fyrir ofan efri mörk birkiskógganna í um 400–450 m hæð í fjallshlíðunum og inni á heiðum, voru gulvíðir og loðvíðir aðalskjólgjafar gróðursins um og eftir landnám. Pessir skjólgjafar voru sífellt bitnir af sauðfé og hættu smám saman að sjást nema sem jarðlægir smásprotar. Líklegt er að þessi meðferð á viðinum hafi einnig aukið hættu á skriðuföllum í bröttum hlíðum Eyjafjarðardala. Grasrótin megnar ekki að halda saman vatns-sósá jarðveginum eftir stórrigningar eða asahlákur þegar kröftugar rótartágars gráviðis og loðvíðis eru horfnar.

Gróðurbreytingar af þessum völdum urðu svo miklar að á fyrrri hluta 20. aldar voru nánast hvergi varðveisitt sýnishorn af upprunalegum gróðri og menn höfðu í raun gleymt því hvernig hann hafði áður verið. Litið var á beitarmótaðan gróður sem sjálfsagðan hlut og áliði að landið hefði ætið verið svona. Þótt leifar fyrrí gróðurs hefðu varðveisist á stöku stað í hólmum,

gljúfrum og klettasyllum,<sup>30</sup> undruðust menn þann blómlega gróður án þess að skilja samhengið.

Á láglendi kom síbeitin í veg fyrir endurvöxt birkiskóga og sjálfsáið birki óx hvergi úr grasi nema í gljúfrum eða annars staðar þar sem beitardýrin komust ekki að.

Á síðustu áratugum hefur dregið verulega úr beit í Eyjafirði og sums staðar eru stórir landflákar beitarfriðaðir. Áhrifin eru greinileg. Víðirunnar vaxa úr grasi á bökkum, í óshólmum og meðfram vegum, sjálfsáið birki tekur við sér og ýmis blómgróður vex og dafnar í nýfengnu skjóli. Plöntur sem áður voru nánast horfnar á stórum svæðum, t.d. sortulyng, skjóta víða upp kollinum að nýju og dafna vel.

*Ræktun og skurðgröftur.* Á gömlum eyðibýlum sjást venjulega lítil ummerki eftir fyrrri grásrækt nema grænn kragi í kringum tóftir bæjar- og útihúsa sem er til vitnis um heldur meiri áburð í jarðveginum en í móunum í kring. Ef vel er að gáð má oft finna plöntur sem bera búsetunni merki, t.d. skriðsóley, vallhumal, hjartarfa, blóðarfa og hugsanlega silfurhnapp eða ljósatvitönn. Þetta má vel sjá í Héðinsfirði, á Látraströnd og í Fjörðum.

Nútímaræktun byggist á jarðvinnslu, sáningu nytjajurta og áburðarnotkun. Áhrifin eru jákvæð á meðan landið er nytjað og í fullri ræktun. Hins vegar fylgir áburðarnotkun nokkur hætta, einkum ef slakað er á ræktuninni. Ef áburður fer á öræktað land umbreyttir hann gróðrinum, eyðir lyngi en eykur grasvöxt. Jafnframt vex hætta á yfirlangum ábúðarfrekra jurta sem vilja sá sér út og kæfa villtan gróður.

Par sem land er blarott er þurrkun yfirleitt undanfari ræktunar, ýmist með lokræsum eða opnum skurðum. Á seinni helmingi 20. aldar fór skurðgröftur nokkuð fram úr hófi og var þá þurrkað miklu meira land en nytjað var til ræktunar. Sums staðar hefur þetta dregið úr votlendisgróðri og þar með haft áhrif á fuglalíf.

*Aðfluttar plöntur.* Hvar sem maðurinn fer fylgja honum ýmsar plöntur, viljandi eða óviljandi. Í flestum tilfellum hafa þessar fylgiplöntur lítil áhrif nema á næsta nágrenni. Það gildir t.d. um matjurtir, kartöflur, grastegundir ýmsar og korn sem eru sjaldan til nokkurra vandræða. Þetta eru flest plöntur sem mega sín lítils án ræktunar og hverfa þegar henni lýkur.

Í öðrum tilvikum geta aðfluttar plöntur haft ýmsar afleiðingar og verið til óþurftar við ræktun. Snemma hefur haugarfi, húsapuntur og njóli borist inn í heraðið, plöntur sem flytjast milli staða með verkfærum og jarðvinnsluvélum. Það eru dæmi um óvelkomnar tegundir sem eru heldur til trafala við ræktun.

30 Hörður Kristinsson  
1979:35.



Miklu er kostað til að halda haugarfa í skefjum í kartöflugörðum, húsapuntur fyllir garðjaðra, skurðbakka og fer jafnvel inn á tún þar sem hann vex í þéttum flækjum og engin önnur grös komast að. Garðlönd eða tún sem hætt er að nýta eru áburðarrík og því viðkvæm fyrir áburðarfrekum, aðfluttmum tegundum. Ef ekki er að gert lenda slík svæði fljótt í órækt og í innsveitum Eyjafjarðar vill brenna við að njóli, skógarkerfill, spánarkerfill eða ætihvönn yfirtaki landið algjörlega. Sumar þessara jurta geta orðið mikil vandamál, ætið reiðubúnar að leggja undir sig nýtt og áburðarríkt land. Þær geta t.d. borist niður eftir giljum út frá túnum og garðlöndum fyrir áhrif áburðar sem berst þang-að með vatni. Á síðustu árum hefur sandfax bæst í hóp þessara jurta, stórvaxið og þéttskriðult gras sem farið er að mynda smábreiður meðfram vegum í Eyjafjarðarsveit og víðar.

Lengi hefur tókast að rækta plöntur í kringum mannabústaði. Sums staðar hafa orðið til stórir garðar sem eru til mikillar prýði. Tré og runnar mynda auch þess mikil skjól. Slíkir garðar eru því miður ekki sjálfbærir fremur en önnur ræktarlönd, þeir þurfa viðhald og mikla vinnu. Því falla margir þeirra í a.m.k. tímabundna órækt þegar aðstæður breytast eða eigendur þeirra falla frá.

*Mynd 8.18: Hér sómir njóli sér vel innan um villtan gróður í siki í Staðareyju í Eyjafjarðará. Frei njólans berast vitt um með ánni í vorflöðum. Hann verður ekki eins ágengur hér eins og við rektað land þar sem mikill áburður er í jarðveginum.*



*Mynd 8.19: Hvítasmári kemur sér vel, þar sem áburðarfrekum grastegundum er sáð meðfram vegum í næringarsnaðan jarðveg. Smárim skrifur út frá miðju, bindur köfnunarefni í jarðveginum þar sem hann fer yfir og örvar grasvöxtinn.*

Margar garðjurtir eru til friðs á þeim stað sem þeim er úthlutað, og veita eigendum sínum ánægju á meðan þær fá umhirðu og hverfa þegar ræktun lýkur. En til eru jurtir sem menn ættu að varast þótt fagrar séu, jurtir sem dreifa sér, sá sér eða skrifða og erfitt er að hafa stjórn á. Meðal þeirra eru sigurskúfur, spánarkerfill, alaskalúpína, skógarkerfill, bjarnarkló og fleiri tegundir. Slíkar jurtir geta sett varanlegt mark á landið og gróðurinn í kring, haft áhrif langt út fyrir lóðarmörk heimila og sumarbústaða.

Tökum kerfilinn og lúpínuna sem dæmi. Spánarkerfill var ræktaður til skrauts í görðum á Akureyri um 1930<sup>31</sup> enda stór, fögur og fljótvaxin jurt með sterkum aníslim. Síðar tók hann að breiðast út og vex nú viða um brekkurnar á Akureyri og í Gróðrarstöðinni, að hluta sem undirgróður undir trjám. Einnig var hann viða ræktaður á bæjum í Eyjafirði en breiðist auðveldlega út meðfram lækjum þar sem jarðvegur er frjór og gerir þaðan innrás í tunin. Skógarkerfill hefur líklega borist óviljandi í héraðið en hans er getið í nágrenni Akureyrar árið 1927.<sup>32</sup> Það fór lítið fyrir honum fyrstu áratugina en hann er nú orðinn verulega ágengur og síð sér ört út á mörgum stöðum, einkum í Eyjafjarðarsveit þar sem hann myndar viðáttumiklar, samfelldar breiður. Hann er ekki eins þurftarfrekur og spánarkerfillinn og því duglegri í mólendi.

Alaskalúpína var flutt inn skömmu fyrir miðja 20. öldina,

31 Ingimar Óskarsson  
1932:16.

32 Ingimar Óskarsson  
1932:36.



einkum í þeim tilgangi að græða sanda og örfoka land og bæta jarðveginn með níturbindandi hæfileikum sínum. Hún vinnur verk sitt vel þegar henni er sáð í ógróið land en eyðir öllum gróðri þegar hún kemst í gróið land. Dæmi um slíkt höfum við í Hrísey, en þangað var hún flutt skömmu eftir 1960 til að undirbúa jarðveginn fyrir skógraet og til að græða upp jökulleir á háeynni og austan í svokölluðum Bratta. Það svæði var nánast gróðurlaust þegar Ingimar Óskarsson skoðaði það fyrir 1930.<sup>33</sup> Lúpínan breiddist smátt og smátt út í móana í kring og er nú langt komin með að leggja undir sig allan norðurhelming eyjarinnar og eyðir um leið öllum öðrum gróðri úr því landi sem hún fer yfir. Jafnframt auðgar hún jarðveginn að næringarefnum og auðveldar köfnunarefnisfrekum jurtum aðgang. Því eru spánarkerfill, skógarkerfill og ætihvönn nú farin að leggja undir sig hinar samfelldu lúpínubreiður. Afar erfitt er að losa sig við þessar ágengu plöntur aftur ef þær einu sinni ná völdum. Þær framleiða mikið af fræi sem geymst lengi í jarðveginum og spírar jafnharðan aftur þótt takist að eyða hinum fullvöxn plöntum.

Landeigendur ættu því að hugsa sig tvisvar um, áður en þeir setja lúpínu í litla, gróðursnauða bletti í þeim tilgangi að græða

*Mynd 8.20: Alaska-lúpínan hefur lagt undir sig stórt svæði á norðurhelmingi Hríseyjar, og nánast eytt þar öllum gróðri sem fyrir var. Fræin dreifast með leysingarvatni niður eftir hlíðunum, og er lúpínan komin langleiðina niður að sjó að vestanverðu.*

33 Ingimar Óskarsson  
1930:5.



*Mynd 8.21: Viðirunnar tóku fljótt við sér í Kjarnalandi eftir að það var friðað.*

*Gulvþirinn er 4–5 m hæð og runnarnir eru um 12–14 m í þvermál. Myndin er tekin árið 1976 og sjást gróðursettar trjáplöntur í baksýn til hægri. Mjaðjurtarbreiður og snarrótarpuntur voru áberandi fyrst eftir friðunina.*

þá, ef þeim er annt um gróðurinn í kring. Alaskalúpínan á ekki-ert erindi í svo vel gróið land sem mestur hluti Eyjafjarðar er. Til lengri tíma litið er hún líkleg til að valda miklu meira tjóni með gróðureyðingu en sem svarar því landi sem hún græðir.

Það er því ljóst að margt er að varast í sambandi við ræktun og umgengni við plöntur. Framar öllu er áriðandi að hugsa fram í tímann en ekki aðeins um líðandi stund. Sumar ræktunar-aðgerðir hafa langvinn áhrif, stundum langvinnari en við gerum okkur grein fyrir og afleiðingar ekki alltaf auðsæjar.

**Skógrækt.** Hér á undan var rakið hvernig maðurinn var vald-ur að skógareyðingu í heraðinu. Því er ekki að undra þótt við höfum ofurlítið samviskubit og viljum klæða landið viði að nýju.

Í seinni tíð höfum við orðið vitni að því í Eyjafirði hve náttúran er ótrúlega fljót að græða landið með sjálfsánum skógum ef hún fær frið til þess. Við höfum séð viðiskóga dafna í nágrenni flugvallarins og í óshólmum Eyjafjarðarár. Það sama gerðist þegar land var friðað í Kjarnaskógi. Þar uxu upp stórir gulvþið-og loðvþiðirunnar í mýrlendi suður við Hvammsgirðingu og voru þeir mun fljótari til en trjáplöntur sem gróðursettar voru.

Eftir miðja 20. öld fór að verða vart við sjálfsáinn skóg út frá



trjáreitum ungmannafélaga frá því í byrjun aldarinnar. Í Leifstaðabrunum í Kaupangssveit er hvarvetna að vaxa upp birkiskógur eftir að fræ frá skógum nærliggjandi sumarbústaðalanda hafa náð að dreifast. Á síðustu áratugum eru sjálfsái erlend tré eins og alaskaaspír, viðja, stafafura og lerki einnig farin að hasla sér völl í þessu umhverfi.

Af þessu er ljóst, að fljóttlegasta og ódýrasta leiðin til að endurheimta fyrri landgæði getur verið að friða stór landsvæði fyrir beit, og gróðursetja smálundi með nokkur hundruð metra millibili. Eftir 20–30 ár myndu þeir sá sér uns landið verður allt að samfelldum skógi á um það bil mannsaldri. Á þann hátt sparaðist mikil vinna og fjármunir miðað við það ef gróðursett væri strax í allt landið.<sup>34</sup> En þolinmæði mannanna eru takmörk sett og fæstir telja sig hafa tíma til að bíða eftir því að náttúran vinni þetta verk. Breytingar skulu sjást strax.

Nú eru því uppi stórfelld áform um skógrækt og er ekki fyrir hugað að endurheimta fyrri landgæði, heldur fremur að skapa ný. Ef menn kjósa þá aðferð er árifandi að vanda vel til skipulags, vals á tegundum og landi til skógræktar. Það er mikilvægt að vinna með náttúrunni og varðveita þann fjölbreyttu gróður sem einkennir svæðið, láta skógin skapa honum betra skjól en

*Mynd 8.22: Sjálfsáiinn, upprennandi eyfirscur birkiskógr.*

<sup>34</sup> Ása L. Aradóttir  
1994:69.

ekki eyða honum, eins og gæti gerst, t.d. með þéttum og samfelldum barrskógi.

Barrskóga getur verið þörf þar sem ræktað er til viðarframleiðslu. Aðalnytjavíðirnir eru fura og greni en í botni slíkra skóga þrífst líttill gróður vegna daufrar birtu. Stórfelld ræktun barrskóga veldur gróðureyðingu og dregur úr fjölbreytni. Slíkt getur þó verið réttlætanlegt ef markmiðið er viðarframleiðsla, á sama hátt og þegar menn brjóta nýtt land undir garð- eða túnrækt.

Lauftré hleypa meiri birtu niður í skógarbotninn en barrtré og mynda ekki eins þetta skóga. Þau henta því betur til að fegra og bæta umhverfið. Laufskógar bæta skilyrði margra plantna sem áður prýddu birkiskóga landsins en þurftu að leita á náðir skjólsælla lauta og snjódælda til að komast af eftir skógareyðinguna. Þeir eru einnig vistvænni fyrir mannfólk. Berangursgróður á borð við holtasóleyjar, lambagras og krækilyng hörfar að sjálfsögðu undan skóginum en mun áfram prýða ása og hæðarbrúnir sem standa upp úr.

Íbúar Eyjafjarðar munu hér eftir sem hingað til hafa mikil áhrif á gróðurinn í kringum sig. Markmiðið með öllum athöfnum okkar þarf að vera að varðveita sem best þá líffræðilegu fjölbreytni er einkennir Eyjafjarðarbyggð og skila henni til komandi kynslóða jafnframt því sem við ræktum og nytjum landið.